

Minjavernd

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	01.11.21
Málalykill	09.20
Mál nr.	2111030

Byggingarfulltrúinn í Garðabæ,
Garðatorgi 7,
210 Garðabæ.

Reykjavík 22. október 2021.

Efni: Yfirlæknishús að Vífilstöðum – endurbygging.

Yfirlæknishúsið að Vífilstaðavegi 116 var byggt 1919 – 1920. Það var teiknað af Guðjóni Samúelssyni og sem nafn vísar til reist fyrir Sigurð Magnússon yfirlækni á Vífilstöðum. Húsið var hið vandaðasta í upphafi og hvergi til sparað við byggingu þess. Viðhald þess í áranna rás hefur hins vegar verið takmarkað og þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu hafa flestar ekki tekið mið af upphaflegri gerð og vönduðum frágangi. Þannig hefur gluggum verið breytt, tekin úr upphafleg gluggafög og settar heilar rúður í jafnframt sem nýrri gluggar taka ekki að fullu mið af þeim upphaflegu. Þak hússins er illa farið og þarf að skipta um það að miklu leyti. Ýmislegt fleira hefur látið á sjá. Þó hefur húsið í heild staðið nokkuð vel af sér þá öld sem liðin er frá byggingu þess, þrátt fyrir viðhaldsleysi og skemmdir sem á því hafa verið unnar. Varðandi frekari upplýsingar um sögu og ástand hússins er vísað til greinargerðar Hjörleifs Stefánssonar o.fl frá febrúar 2021, er unnin var fyrir Ríkiseignir.

Húsið er nú í umsjá Framkvæmdasýslu ríkisins – Ríkiseigna. Af þeirra hálfu hefur verið ákveðið að hefja nauðsynlegt viðhald á húsinu og hefur verið samið við Minjavernd hf. um að annast það verk. Arkitekt að endurbótum er Hjörleifur Stefánsson arkitekt. Verkinu hefur verið skipt í tvo áfanga, sá fyrri snýr að lagfæringum á ytra byrði en viðgerð hússins að innan mun þá væntanlega fylgja í framhaldi. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framtíðarnot hússins.

Við endurgerð hússins verður við það miðað að færa það sem næst upphaflegu horfi hvað allt útlit og frágang varðar. Við upphaf framkvæmda verður lagt dren í kringum húsið og frárennsli frá því endurnýjað. Jafnframt verður skoðað hvort endurnýja þarf inntök. Að þeim verkþætti loknum verður reistur vinnupallur í kringum húsið og að líkindum yfir þak þess. Vinnupallurinn verður lokaður að ytra byrði. Síðan hafnar viðgerðir á þaki þess, en sem fyrr segir þarf að skipta um alla klæðningu þess og yfirfara átand burðarvirkis. Komi til þess að lagfæra þurfi burðarvirki verður það gert í takti við upphaflegt, nema sérstakar ástæður gefi tilefni til breytinga. Viðgerðir og lagfæringar á gluggum munu verða unnar samhliða þakviðgerð. Að stofni til verður hér um að ræða viðgerð á húsi sem til staðar er. Ekki er því talin þörf á að leggja inn formlega umsókn um byggingarleyfi. Verði við framvindu teknar ákvarðanir um breytingar frá upphaflegu útliti verður hins vegar sent inn erindi þar um. Jafnframt verða teikningar lagðar inn til byggingarfulltrúa ef unnar verða sérstakar við framkvæmd máls.

Virðingarfyllst, f.h.

Minjaverndar hf.

Þorsteinn Bergsson.

